

SKRÁNINGARLÝSING

Verðtryggð skuldabréf Reykjaneshafnar
1. flokkur 2004



YFIRLÝSINGAR

YFIRLÝSING ÚTGEFANDA

Stjórn Reykjaneshafnar lýsir því yfir að upplýsingar í skráningarlýsingu 1. flokks skuldabréfa Reykjaneshafnar fyrir árið 2004 séu eftir bestu vitund hennar í samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt sem áhrif geti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 4. gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjanesbæ, 8. júní 2005
f.h. Reykjaneshafnar

Pétur Jóhannsson
Kt. 111254-5409
Hafnarstjóri

YFIRLÝSING UMSJÓNARAÐILA

Kaupping banki hf., kt: 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, lýsir því yfir að við gerð skráningarlýsingar 1. flokks skuldabréfa Reykjaneshafnar fyrir árið 2004 var aflað þeirra gagna sem að mati Kaupþings banka hf. voru nauðsynleg til þess að gefa rétta mynd af Reykjaneshöfn og verðbréfum hennar og að mati Kaupþings banka hf. var engu atriði sleppt sem áhrif gæti haft á mat á útgefanda og verðbréfum hans sem óskað er skráningar á.

Skráningarlýsingin er gerð skv. 4 gr. viðauka IV við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll.

Reykjavík, 8. júní 2005
f.h. Kaupþings banka hf.

Baldur Þór Vilhjálmsson
Kt. 250476-2999
Markaðsviðskipti

Ingólfur Helgason
Kt. 041067-5279
Framkvæmdastjóri Markaðsviðskipta

| | |
|--|---|
| Útgefandi | Reykjaneshöfn., kt. 410190-1099, Víkurbraut 11, 230 Reykjanesbær, sími 421-4099, bréfsími 421-2666. |
| Ábyrgð á skráningarlýsingu | Kaupping banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sími 444-6000, bréfsími 444-6009, ábyrgist þessa skráningarlýsingu, sem gerð er skv. 4 gr. IV. viðauka við reglugerð nr. 434/1999 um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll. |
| Samþykki skuldabréfaútgáfu | Stjórn Reykjaneshafnar samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa á fundi þann 11. mars 2004. Samþykkt er að gefa út skuldabréf fyrir 230.000.000,- kr. að nafnverði. Flokkurinn er opinn. Frekari heimild að fjárhæð 60.000.000,- milljónir kr. að nafnverði var veitt fyrir stækkun á skuldabréfaflokknum þann 20. desember 2004. Fjárfestum er bent á að stjórn útgefanda getur veitt heimild til frekari stækkunar á skuldabréfaflokknum í framtíðinni. |
| Starfsemi | Reykjaneshöfn starfar eftir hafnalögum nr. 61/2003 og reglugerð nr. 337/1998 um Hafnarsamlag Suðurnesja uns ný reglugerð fyrir Reykjaneshöfn tekur gildi. Tilgangur með starfseminni er afgreiðsla og þjónusta skipa, afgreiðsla á vörum, ökutækjum, farþegum og löndun á fiski. |
| Nafnverð, lánstími flokks og sölutrygging | Heildarnafnverð 1. flokks 2004 verður a.m.k. 290.000.000,- kr. Útgáfudagur bréfanna var 17. mars 2004. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með 19 jöfnum afborgunum á 6. mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 1. apríl 2005 og í síðasta sinn þann 1. apríl árið 2014. Nú þegar hafa verið útgefin og seld skuldabréf samtals að nafnverði 290.000.000,-. sem voru sölutryggð. |
| Nafnvextir og verðtrygging | Skuldabréfin í 1. flokki 2004 eru með jöfnum afborgunum til 10 ára. Nafnvextir bréfanna eru 4,80%. Endurgreiða skal höfuðstól skuldarinnar með 19 jöfnum afborgunum á 6. mánaða fresti, í fyrsta sinn þann 1. apríl 2005 og í síðasta sinn þann 1. apríl árið 2014. Af skuld þessari greiðast 4,80% ársvextir. Vextir reiknast frá 17. mars árið 2004 sem er útgáfudagur bréfsins. Vextir greiðast á 19 gjalddögum, þann 1. apríl og 1. október ár hvert, í fyrsta sinn 1. apríl árið 2005 og í síðasta sinn 1. apríl árið 2014. Bréfin eru verðtryggð og bundin vísitölu neysliverðs. |
| Einingar skuldabréfanna | Bréfin eru gefin út í 10.000.000 kr. einingum. Alls voru útgefin og seld 290 bréf. Eftir númeraröð: Bréf nr. 04-01-01 – 04-01-29 að nafnverði 10 milljónir hvert. |
| Ávöxtunarkrafa og sölugengi | Ávöxtunarkrafa á fyrsta söludegi var 4,80% og sölugengi 1,00505. Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma. Upplýsingar um ávöxtunarkröfu og gengi skuldabréfanna hverju sinni er hægt að fá hjá Kauppingi banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. |
| Viðskiptavakt | Engin viðskiptavakt er á skuldabréfaflokknum. |
| Hlunnindi | Engin hlunnindi fylgja 1. flokki 2004. |
| Víkjandi ákvæði | Engin víkjandi ákvæði fylgja 1. flokki 2004. |
| Uppsagnarheimild | Uppsagnarheimild fylgir ekki skuldabréfum 1. flokks 2004. |

| | |
|--|---|
| Skráning | Kauphöll Íslands hf. hefur samþykkt að taka 1. flokk 2004 skuldabréfa Reykjaneshafnar. á skrá og verða þegar seld bréf að upphæð kr. 290.000.000,- að nafnverði skráð þann 20. júní 2005 enda uppfylli bréfin skilyrði skráningar. Auðkenni bréfanna er RNH 04 1 ISIN-númer bréfanna er IS0000010825. |
| Kostnaður | Reykjaneshöfn greiðir allan kostnað við útgáfuna. Kostnaður er áætlaður um 1,0% af söluverðmæti skuldabréfanna ásamt 0,5% stimpilgjaldi. |
| Heildarfjárhæð, sem aflast með útböðinu | Um 285 milljónir króna. |
| Tilgangur sölnunnar | Að afla fjár til starfsemi Reykjaneshafnar. |
| Fyrirkomulag sölu og sölutímabil | Skuldabréfin voru seld í lokuðu útböði frá 22. mars 2004 til 22. apríl 2004 og 22. desember 2004 til 22. janúar 2005. Sala og afhending fór fram gegn staðgreiðslu. |
| Umsjón með skráningu og sölu | Umsjónaraðili: Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. |
| Greiðslustaður | Greiðslustaður skuldabréfanna er hjá Reykjaneshöfn., kt. 410190-1099, Víkurbraut 11, 260 Reykjaneshöfn, nema öðrum aðila verði falið þau til innheimtu. Kröfuhafi getur vitjað greiðslu gegn framvísun skuldabréfsins. |
| Tryggingar | Reykjaneshöfn ábyrgist endurgreiðslu bréfanna með tekjum sínum og eignum. Engin forkaupsréttarákvæði fylgja útgáfu skuldabréfanna. |
| Fyrningarákvæði | Kröfur samkvæmt skuldabréfum þessum fyrnast sé þeim ekki lýst innan tíu ára frá gjalddaga, skv. 4 gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda. Vaxtakröfur fyrnast á fjórum árum frá gjalddaga skv. 3. gr. sömu laga. |
| Viðtökudráttur og vanskil | Verði greiðslu vitjað eftir gjalddaga munu kröfuhafa hvorki verða greiddir vextir, dráttarvextir né verðbætur frá gjalddaga til greiðsludags. Verði um vanskil skuldara að ræða falla dráttarvextir á kröfuna frá framvísunardegi til greiðsludags, í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, samanber 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Standi skuldari ekki í skilum með greiðslur afborgana eða vaxta af skuldinni er skuldin í gjalddaga fallin án uppsagnar og má þá gera aðför til fullnustu skuldarinnar án undangengins dóms eða réttarsáttar. |
| Framsal og eignaréttur | Skuldabréfin skulu skráð á nafn. Óheimilt er að skrá skuldabréfin á handhafa. Við eigendaskipti að skuldabréfunum, skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið bréfanna og þar greindur framsalsdagur svo og nafn, kennitala og heimilisfang nýs eiganda. Sé röð framsala gölluð, verða skuldabréfin ekki innleyst nema handhafi leiði sönnur að eignarheimild sinni. Engar hömlur eru á framsali. |

| | |
|----------------------------|---|
| Skattamál | Skattaleg meðferð á skuldabréfunum fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Samkvæmt 5 tl. 73. gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 90/2003 teljast bréf þessi til eignarskattstofns hjá einstaklingum og lögaðilum. Reykjaneshöfn ber ekki skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum og afföllum og skila í ríkissjóð, skv. 3 gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nema að eigandi bréfanna hafi falið öðrum banka, sparisjóði eða verðbréfafyrirtæki innheimtu þeirra. |
| Meðferð ágreinings | Rísi mál út af skuldabréfunum má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. |
| Upplýsingar og gögn | Skráningarlýsing og önnur gögn um Reykjaneshöfn sem vísað er til í skráningarlýsingu þessari liggja frammi hjá Kaupþingi banka hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík. |